

*BRENDA PREHAL*

## *Fornleifaskráning í Hamarsfirði vegna Rammaáætlunar*



*Byggðasafn Skagfirðinga*

*Rannsóknaskýrslur*

*2021/237*



**Byggðasafn**  
*Skagfirðinga*

*Forsíðumynd: Einstigsfoss í Hamarsfirði*



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga  
2021/237

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Tilgangur fornleifaskráningar.....	6
Aðferðarfræði .....	7
Fornleifaskráning .....	8
Samantekt.....	57
Heimildaskrá .....	60
Hnitaskrá.....	63


## Inngangur

Haustið 2020 fór fram fornleifaskráning í Hamarsdal. Verkið var unnið af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir Rammaáætlun. Vettvangsskráning fór fram dagana 18.-19. september. Vettvangsvinna var í höndum fornleifafræðinganna Brenda Prehal og Grace Cesario. Úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal, með aðstoð frá Swanhild Ylfa K.R. Leifsdóttur.


Hamarsfjörður er á sunnanverðum Austfjörðum, milli Berufjarðar að norðan og Álftafjarðar að sunnan. Inn af honum er langur dalur sem nefnist Hamarsdalur norðan Hamarsá en Bragðavalladalur sunnan ár. Dalurinn er yfir 20km langur og liggar hann í norðvestur-suðaustur. Í Hamarsdal eru þrír bæir; Hamar og Hamarssel (hjáleiga Hamars) norðan ár en Bragðavellir sunnan ár. Auk þeirra eru tvö eyðibýli; Veturhús sem fóru í eyði árið 1946 (Örnefnaskrá Hamars bls. 4) og Refsstaðir sem fóru í eyði á 14. öld (Örnefnaskrá Hamars bls. 7).

Rannsóknarsvæðið er í heild um 105km<sup>2</sup>. Frá fjarðarbotni og inn að Leirhálsi er það 500m breitt, beggja vegna Hamarsár, alls 1km. Innan Leirháls breikkar svæðið og nær inn fyrir Hamarsdalsdrög. Svæðið inn að Leirhálsi var skráð á vettvangi en þar innan við var skráð út frá loftmyndum en á því svæði eru engar þekktar minjar. Bærstæði Hamars, Hamarssels og Bragðavalla er ekki innan rannsóknarsvæðis en var skráð að ósk verkkaupa. Fornleifastofnun Íslands hafði þegar gert deiliskráningar á Bragðavöllum og Hamarsseli og var þeim svæðum því sleppt.

**Verknúmer Minjastofnunar Íslands:** 2366



Mynd 1. Yfirlitmynd af könnunarsvæðinu.



Mynd 2. Yfirlistmynd af byggð í Hamarsdal. Búið er á Bragðavöllum og Hamarsseli.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.<sup>1</sup> Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jöklí, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

## Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær bæjarhóll í landi Hamars raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [2366-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um einstaka minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem þær eru setti framan við númerið til aðgreiningar.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveisittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda vegna Rammaáætlunar.


Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Tafla er aftast í skýrslunni þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir eru fengnar frá Loftmyndum ehf.

## Fornleifaskrá

### Hamar

Hamar var stærst jarða í Hamarsdal og er almennt talin vera landnámsjörð Björns sviðinhorna sem nam Hamarsfjörð (Álftafjörð hinn nyrðri) og Hamarsdal (að fornu nefndur Sviðinhornadalur) (Landnáma bls. 309), Sveitir og jarðir, bls. 446). Hamarssel var hjáleiga frá Hamri og var heimajörðin metin á 9 hundruð en hjáleigan á 3 hundruð (Johnsen, 380). Líklegt er að Veturhús hafi einnig upphaflega verið hjáleiga eða afbýli frá Hamri (Sveitir og jarðir, 446; Johnsen, 380). Í málðaga 1397 er getið um bænhús frá Hamri og var jörðin þá Hálskirkjueign og var þannig fram eftir öldum (DI IV, 230-231; Johnsen, 380). Árið 1703 voru fimm skráðir til heimilis á Hamri og var þar einbýli en síðar var þar tvíbýli og var svo fram yfir miðja 19. öld (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands). Ekki er föst búseta á Hamri.



Mynd 3. Loftmynd af Hamri ásamt túnakorti frá 1920.

## Hamar 2366-2

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Gamla íbúðarhúsið var um 13m vestur af núverandi íbúðarhúsi.

### Lýsing

Svæðið sem rústin nær yfir er um það bil 17 x 35m að utanmáli og er að mestu grasi gróinn hóll en til suðausturs er steyptur veggur, sem er um 30m langur. Við suðurenda hans er lítið hólf afmarkað með grjóthlöðnum vegg. Veggirnir eru um 2 - 4,5m á breidd og um 1,8m á hæð.

### Aðrar upplýsingar

Að sögn heimildarmanns var húsið að mestu steypt en með timburþili að framan sem var klætt bárujárni og var þakið einnig járnklætt. Húsið var byggt í torfbæjarstíl og voru göng inn eftir því og innangengt í úтиhúsini. Húsið stóð lengi eftir að núverandi íbúðarhús var byggt 1960 en var á endanum rifið þar sem það var tekið að hrynya (Munnleg heimild: Þórunnborg Jónsdóttir, 15.12.2020).



Mynd 4. Suðurveggur gamla bæjarins sem reistur var 1912 (2366-2).



Mynd 5. Híbýli 2366-2.

## Hamar 2366-3

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Hætta – vegna rask

**Staðhættir**


Gata byrjar um 70m sunnan við íbúðarhúsið, liggur þaðan til suðvesturs og síðan til norðvesturs upp í gegnum sund í Vindási.

**Lýsing**

Gatan er greinileg á um 250m löngum kafla og virðist enn vera notuð m.a. fyrir fjórhjól.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars Athugasemdir og svör við spurningum (bls. 2) segir: „Reiðgötur lágu um Reiðsund milli bæjanna Hamarssels og Hamars“.



Mynd 6. Híbýli 2366-2, reiðgata 2366-3, matjurtagarður 2366-4, hænsnakofi 2366-69, hesthús 2366-70, og völvuleiði 2366-71.

## Hamar 2366-4

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Hleðsla er í klettasundi fyrir ofan bæinn, um 110m suðvestur af íbúðarhúsinu.

**Lýsing**

Hleðslan er grjóthlaðin og er um 8,5m löng og um 0,5m á hæð. Hún liggur vestur-austur. Í matjurtagarðinum er aðeins þessi eini hlaðni veggur að norðanverðu en náttúrulegt aðhald er af klettunum að sunnan og vestan og að austanverðu liggur smá bakki niður frá réttinni. Við endann á veggnum er síðan nýlegri hálf hringлага hleðsla, sem hlutverk er óþekkt.



Mynd 7. Matjurtagarður 2366-4. Horft til V. Nýlegri hálf hringлага viðbótin er í forgrunni.

## Hamar 2366-69

**Hlutverk:** Hænsnakofi

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Tóft er tæplega 70m norðvestur af íbuðarhúinu, 110m suðvestur af fjárhúsinu, og 20m norðvestur af hesthúsinu (2366-70).

**Lýsing**

Tóftin fannst ekki við skráningu sumarið 2020. Hún var hnittsett samkvæmt lýsingu heimildamanns (Munnleg heimild: Þórunnborg Jónsdóttir, 15.12.2020) og má gera ráð fyrir allt að 15m skekkju. Hún er um 3 x 7m að utanmáli.

**Aðrar upplýsingar**

Samkvæmt heimildamanni var hænsnakofinn hlaðinn úr torfi með bárujárnsklæddu framþili (Munnleg heimild: Þórunnborg Jónsdóttir, 15.12.2020).

## **Hamar 2366-70**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Tóft er næplega 55m norðvestur af íbúðarhúsinu, 100m suðvestur af fjárhúsinu og 20m suðaustur af hænsnakofinum (2366-69).

### **Lýsing**

Tóftin fannst ekki við skráningu sumarið 2020. Hún var hnittsett samkvæmt lýsingu heimildamanns (Munnleg heimild: Þórunnborg Jónsdóttir, 15.12.2020) og má gera ráð fyrir allt að 15m skekkju. Hún er um 5 x 11m utanmáli.

## **Hamar 2366-71**

**Hlutverk:** Völvuleiði

**Tegund:** Púst

**Staðhættir**


Völvuleiði er norðan við bílastæðið við íbúðarhúsið á Hamri.

### **Lýsing**

Leiðið fannst ekki við skráningu sumarið 2020 en mikill gróður var þegar skráning fór fram og umhverfi þess nokkuð þýft. Það var hnittsett samkvæmt lýsingu heimildamanns (Munnleg heimild: Þórunnborg Jónsdóttir, 15.12.2020) og má gera ráð fyrir allt að 15m skekkju.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars Athugasemdir og svör við spurningum (bls. 3) segir: „Völvuleiði er í Hamarstúni, rétt austan við bæinn á Hamri“.



Mynd 8. Rétt 2366-5, hesthús 2366-6, garðlag 2366-7, hænsnakofi 2366-69, hesthús 2366-70.

## Hamar 2366-5

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Rúmlega 83m vestur af fjárhúsinu á Hamri, upp undir Vindási, er rétt.

### Lýsing

Réttin er hlaðin úr grjóti og er um  $8 \times 19$ m að utanmáli. Veggirnir eru um 0,5m á breidd og um 0,5m á hæð. Hún samanstendur af þremur veggjum, í norðri, austri og suðri. Vesturhlið réttarinnar er náttúrulegur klettur.

## Hamar 2366-6

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Tóftir hesthúss eru 20m sunnan við rétt (2366-5). Tóftin er um 160m norðvestur af íbúðarhúsinu.

### Lýsing

Tóftin er um  $5,5 \times 4$ m að utanmáli og veggirnir eru um 0,5m á breidd. Hún liggur norðaustur-suðvestur og dyr hafa verið á norðausturhorni.

## Hamar 2366-7

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Garðlag er tæplega 60m suður af úтиhúsinu (2366-6) og 145m norðvestur af íbúðarhúsinu. Það er í klettasundi ofan við bæinn og liggur á milli tveggja kletta.

### Lýsing

Garðlagið er úr torfi, um 10m langt, um 1m breitt og liggur vestur-austur. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en það liggur í sundi milli tveggja kletta og hefur hugsanlega verið til að hindra að búfénaður kæmist þar um.

## Hamar 2366-8

**Hlutverk:** Fjárhús og hlaða

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Í túni, um 800m norðaustur af íbúðarhúsinu er fjárhústóft.

### Lýsing

Tóftin er úr torfi og grjóti, um  $16 \times 24$ m að utanmáli og veggir um 1,2m á hæð. Veggirnir eru mest um 3m á breidd. Tóftin liggur norður-suður og dyr hafa verið á suðausturhorni. Hún er mjög greinileg en grasi gróin.



Mynd 9. Fjárhús 2366-8.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 9) segir: „Þar upp af er Helgurák og Urðarhjalli. Þar upp af er Húsabali, þar eru fjárhús og tún“.

### Hamar 2366-9

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða


**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Varða er um 735m norðvestur af íbúðarhúsi Hamars. Sjá yfirlitsmynd 1.

#### Lýsing

Varðan er hlaðin ofan á stórum steini og er um 90cm há.



Mynd 10. Varða 2366-9, horft til V.

### Hamar 2366-10

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Efst í svonefndri Miðgróf, um 1,5km norðvestur af íbúðarhúsinu á Hamri er útihúsatóft. Hún liggur í skjóli af klettum sem eru vestan hennar. Sjá yfirlitsmynd 2.



Mynd 11. Útihús 2366-10. Horft til V.

#### Lýsing

Tóftin er úr torfi og grjóti, um  $7 \times 11,5$ m að utanmáli, veggir um 1,2m háir og 1,5m á breidd. Hún liggur norðvestur-suðaustur. Grjóthleðslur eru vel greinanlegar en téftin að öðru leyti mikið gróin. Dyr hafa snúið mótt suðaustri.

## Hamar 2366-11


**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Beitarhúsatóft er um 1,5km norðvestur af íbúðarhúsinu í Hamri og um 1,3km norður af Hamarsá og liggur í skjóli kletta að vestanverðu. Sjá yfirlitsmynd 2.



Mynd 12. Beitarhús 2366-11.

### Lýsing

Tóftin er af tvístæðum fjárhúsum og liggur norður-suður. Veggir eru úr torfi og grjóti, um 18 x 20m að utanmáli, um 1,2m háir og 2m á breidd. Grjóthleðslur eru vel greinanlegar en tóftin er vel gróin. Dyr hafa snúið mótt suðri. Það eru tvær hlöður í austurhlutanum.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 8) segir: „Inn og upp af þeim [Gunnum] er Miðgróf. Þar eru beitarhús og tún“.

## Hamar 2366-12

**Sérheiti:** Stebbakofi

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Hús

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Neðarlega í Miðgróf, um 1,5km norðvestur af íbúðarhúsinu á Hamri er uppistandandi hús. Sjá yfirlitsmynd 2.



Mynd 13. Fjárhús 2366-12 og óþekkt garðalag 2366-13. Horft til V.

### Lýsing

Framhlíð hússins er bárujárnsklædd en aðrar hliðar byggingar og þak eru úr torfi. Húsið er um  $10 \times 12\text{m}$  að utanmáli og liggur norður-suður. Dyr snúa til austurs.

## Hamar 2366-13

**Hlutverk:** Óþekkt, garðlag

**Tegund:** Garðlag


**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Neðarlega í Miðgróf er fjárhús (2366-12) og umhverfis það er garðlag.

**Lýsing**

Garðurinn er úr torfi, um 45m



Mynd 14. Fjárhús 2366-12 og óþekkt 2366-13.

langur og umlykur fjárhúsið, sem er upp við hann norðanverðan. Hann er um 60cm breiður og 30cm á hæð og er grasi gróinn. Hlutverk er óþekkt en hugsanlega hefur verið þarna rétt eða nátthagi.

## Hamar 2366-72

**Sérheiti:** Reiðingshraun

**Hlutverk:** Þurrkvöllur

**Tegund:** Klettur

**Staðhættir**

Reiðingshraun heita klettar sem eru ofan Hringvegar, rúma 850m norðvestur af bæ á Hamri.

**Lýsing**

EKKI SÁUST UM MERKI EFTIR TORFTÖKU OG ÓVÍST HVAR NÁKVÆMLEGA TORFIÐ HEFUR VERIÐ ÞURRKAÐ. Minjarnar voru hnittsettar af loftmynd og eftir lýsingu heimildamanns.

**Aðrar upplýsingar**

Í athugasemnum og viðbótum við örnefnaskrá Hamars (bls. 3) segir: „Reiðingshraun. Skorið var reiðingstorf í mýrinni stutt frá og þurrkað? á hrauninu.“

## Hamar 2366-73

**Sérheiti:** Vígðilækur

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Lækur

## **Staðhættir**

Á merkjum Hamars og Háls, tæpa 2,5km norðvestur af íbúðarhúsinu á Hamri er lækur.

## **Lýsing**

Lækurinn er nefndur Vígðilækur og segir sagan að hann muni hafa verið vígður af Guðmundi góða (Munnleg heimild: Þórunnborg Jónsdóttir, 15.10.2020). Minjarnar voru hnittsettar af loftmynd og eftir lýsingu heimildamanns.

## **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 9) segir: „Utan við hann [Urðarrák] er Henglavík, sem nær út að Vígðalæk, en þar eru landamerkin í neðra milli Hamars og Háls.“

## **Hamar 2366-74**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

## **Staðhættir**

Samkvæmt túnakortinu frá 1920 var útihús rétt norðan við gamla íbúðarhúsið (2366-2).

## **Lýsing**

Þórunnborg minntist þess að eitt sinn hafi verið bygging á þessum stað (Munnleg heimild: Þórunnborg Jónsdóttir, 05.01.2021)

## **Hamar 2366-75**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

## **Staðhættir**

Samkvæmt túnakortinu frá 1920 var matjurtagarður rétt austan við gamla bæinn á Hamri (2366-2).

## **Lýsing**

Þarna er nú íbúðarhús og matjurtagarðurinn sést ekki.

## **Hamar 2366-76**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

## **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt túnakortinu frá 1920 var heimreiðin á sama stað og núverandi heimreið.

### **Hamar 2366-77**

**Sérheiti:** Stöðull

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

## **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimildamanni er svæðið norðan við fjárhúsið kallað Stöðull. Hún mundi ekki eftir tóftum á þessu svæði en miðað við nafngift er þó líklegt að þarna hafi verið kvíar en tóftin er horfin (Munnleg heimild: Þórunnborg Jónsdóttir, 15.12.2020)

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars Athugasemdir og svör við spurningum (bls. 2) segir: „Stöðull mun hafa verið í 3-400m fjarlægð frá bæ. Síðustu fráfærur á Hamri munu hafa verið 1925“.

### **Hamar 2366-78**

**Hlutverk:** Fjárrétt

**Tegund:** Heimild

## **Staðhættir**

Um 550m norðvestur af íbúðarhúsinu á Hamri eru þrír klettadrangar sem nefnast Gunnur.

### **Lýsing**

Samkvæmt heimild mun hafa verið fjárrétt þarna en hún sést ekki í dag og gæti því verið að hún hafi verið úr timbri. Hnit voru tekin á milli klettadranganna en gera má ráð fyrir allt að 50m skekkju.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 8) segir: „Upp af Stórhólnum eru þrír klettadrangar, sem allir heita Gunnur. Þar er fjárrétt“.

### **Hamar 2366-79**

**Sérheiti:** Jónssel

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Heimildir geta Jónssels og talið að það hafi verið í námunda við Miðgróf.

### **Aðrar upplýsingar**

Í sveitum og jörðum (bls. 445) er getið um Jónssel í landi Hamars og segir að líklega hafi það verið nálægt Miðgróf. Mun það hafa farið í eyði 1707. Seltóftir eru ekki þekktar á þessum stað og þeirra ekki getið í örnefnaskrá en örnefnið Jónsbrekka er þekkt og er hún upp af Miðgrófinni (Munnleg heimild: Þórunnborg Jónsdóttir, 15.12.2020; Örnefnaskrá Hamars, 8).

## Hamarssel

Hamarssel var hjáleiga frá Hamri og var að fornu metin á 3 hundruð (Johnsen, bls. 380). Árið 1703 voru sex skráðir til heimilis í Hamarseli sem þá var einbýli og virðist svo vera nema 1901 en þá eru þrír húsbændur skráðir og heimilismenn alls 17 (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands). Búið er að sameina Hamarsel og eyðibýlið Veturhús en báðar jarðirnar eru ríkiseign. Búið er á Hamarseli og þar er stundaður fjárbúskapur (Munnleg heimild: Gautur Svavarsson, 10.12.2020).

Fornleifaskráning í Hamarseli var gerð af Fornleifastofnun Íslands í júní 2018. Frekari upplýsingar má finna í skýrslunni „Deiliskráning fornleifa í Hamarseli, Hamarsfirði. FS705-18271“.

### Hamarsel 2366-67

**Sérheiti:** Refsstaðir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Nokkurn veginn miðja vegu milli Hamarssegl og Hamars er nokkurt undirlendi þar sem nú eru tún. Efst í þessum túnum var eyðibýlið Refsstaðir. Sjá yfirlitsmynd 2.

#### Lýsing

Bæjarstæðið á Refsstöðum var komið undir tún en eftir stóð yngra beitarhús sem byggt var á gamla bæjarstæðinu, skv. örnefnasjá (sjá aðrar upplýsingar). Í september 2017 féll skriða á túnið og yfir tóftir beitarhússins.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 7) segir: „Innan við Refsstaðalækinn efst eru Refsstaðir, gamalt eyðibýli, tún og beitarhús frá Hamarseli. Talið er að, eyðibýlið? hafi farið í eyði um svartadauða“. Samkvæmt heimildamanni var fjárhúsið síðast notað af Helga Magnússyni sem bjó á Hamarseli til 1961. Hann reif húsin og byggðir önnur neðar á túnunum, nær veginum (Munnleg heimild: Gautur Svavarsson, 10.12.2020).

## **Hamarsel 2366-14**

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**


Nokkurn veginn miðja vegu milli Hamarssels og Hamars er nokkurt undirlendi þar sem nú eru tún. Efst í þessum túnum var eyðibýlið Refsstaðir og síðar beitarhús. Sjá yfirlitsmynd 2.

### **Lýsing**

Tóftir beitarhúss voru efst í túninu en þar féll skriða í september 2017. Við það hurfu tóftirnar. Beitarhúsið var því hnittsett og mælt upp af loftmynd. Það samanstóð af tveimur húsum, í heild um 13 x 18m að utanmáli. Húsin hafa snúið norður-suður og hefur inngangur verið til suðurs.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 7) segir: „Innan við Refsstaðalækinn efst eru Refsstaðir, gamalt eyðibýli, tún og beitarhús frá Hamarsseli. Talið er að, eyðibýlið hafi farið í eyði um svartadauða“.



Mynd 15. Beitarhús 2366-14.

## **Hamarsel 2366-15**

**Sérheiti:** Hamarsel

**Hlutverk:** Óþekkt/kuml?

**Tegund:** Púst

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Púst er um 405m suðvestur af bæjarstæði Hamarssels. Sjá yfirlitsmynd 2.

### **Lýsing**

Pústin er lágur lyngi vaxinn melhóll, um 3 x 7m að stærð og liggar norðaustur-suðvestur. Útsýni er yfir bæinn og ána frá þústinni, sem gæti bent til þess að hér sé um kuml að ræða. Það er þó líka mögulegt að hún sé bara náttúrulegt fyrirbæri.



Mynd 16. Óþekkt púst 2366-15. Horft til NA í átt að Hamarsseli. Pústin er græna svæðið í forgrunni.

## **Hamarsel 2366-16**

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta – vegna skriðufalla

**Staðhættir**

Tóftir beitarhúss er um 450m vestur af bæ á Hamarsseli, neðan við svokallaða Brynjólfsgjótu (sjá Örnefnaskrá Hamars bls. 5). Sjá yfirlitsmyndir 2 og 3.

### **Lýsing**

Tóftin er um 7,5 x 13,5m að utanmáli og liggur norðvestursuðaustur. Austurveggurinn er skemmdur. Veggirnir eru 2m á breidd. Inngangurinn er sunnan megin.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 5) segir: „Utan við Langagilsá er Skjólhlali neðst, en utan undir honum Skjól. Utan við Skjólið niðri er Stekkatún, fjárhústættur“.

## **Hamarsel 2366-68**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta – vegna skriðufalla


**Staðhættir**

Rétt er um 165m norðaustur af hlöðunni í Hamarsseli og 225m norður af íbúðarhúsinu. Réttin fannst ekki við skráningu sumarið 2020 og var skráð af loftmynd. Sjá yfirlitsmynd 2.

### **Lýsing**

Réttin er úr grjóti og er um 9 x 10,5m að utanmáli.

Veggirnir eru um 1,5m á breidd. Hlíð hefur verið á suðaustur horni.



Mynd 17. Beitarhús 2366-16.



Mynd 18. Rétt 2366-68.

## **Hamarsel 2366-17**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna rasks

**Staðhættir**

Þúst er um 1km suðvestur af bæ Hamarssels og við hliðina á litlu ánni sem rennur í Hamarsá. Sjá yfirlitsmyndir 2 og 3.

### **Lýsing**

Þústin er grýtt, um 3 x 4m að stærð, og liggur norður-suður. Hún gæti verið kuml, en það er mjög óljóst af því að hún er rétt við veginn og þeiri framkvæmd hefur fylgt mikil rask. Undanfarin tvö ár hefur verið sett upp tjald við þústina en tjaldið var uppistandandi á meðan á vettvangskönnun stóð. Af þessum sökum var erfitt að átta sig á svæðinu þar sem tjaldið stóð og hvort eitthvað hefur verið fært til vegna tjaldsins.



Mynd 19. Þúst 2366-17. Horft til S.



Mynd 20. Tjaldið við hliðina á þústinni 2366-17. Horft til SV.

## **Hamarsel 2366-18**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Heimild og loftmyndir

**Staðhættir**

Rétt var um 1km suðvestur af Hamarseli og um 130m suðvestur af þúst (2366-17). Sjá yfirlitsmyndir 2 og 3.



Mynd 21. Rétt 2366-18.

## Lýsing

Þar sem réttin var horfin var hún skráð af loftmynd. Hún hefur verið hlaðin úr grjóti upp við klett, sem er jafnframt vesturveggur hennar. Hlið hefur verið til norðurs.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 6) segir: „Þar utan við er Múli, klettaraní, sem gengur í suður. Í honum er Klappahyrna innan við Svartgil. Stekkaklettur er niður af Svartagili, þá er rétt. Innan undir Stekkakletti er Neðri-Nátthagi, en Efri-Nátthagi ofar“.

## Hamarssel 2366-19

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Varða er um 1,2km suðvestur af Hamarsseli og 755m suðvestur af beitarhúsi (2366-16). Sjá yfirlitsmyndir 2 og 3.

## Lýsing

Varðan er enn uppistandandi en aldur er óþekktur. Hún er um 1,8m á hæð.

## Hamarssel 2366-80

**Hlutverk:** Vatnsmylla

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 7) segir: „Út og upp af Hamarsseli gengur Seljhalli. Innst á honum er Myllulækur,“ segir í örnefnaskrá Hamars (bls. 7).

## Lýsing

Myllutóft fannst ekki við skráningu og heimildamaður hafði ekki heyrt getið um myllutóft í landi Hamarssels (Munnleg heimild: Gautur Svavarsson 10.12.2020).

## Aðrar upplýsingar

Ljóst er af svörum við spurningum um örnefnaskrána (bls. 2) að heimildamaður hafi ekki heldur heyrt getið um myllutóft en taldi líklegt að hún hafi verið til. Í örnefnaskrá segir: „Sennilega hefur verið mylla við Myllulæk“.

## **Hamarsel 2366-81**

**Sérheiti:** Efri-Nátthagi

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir:**

Í örnefnaskrá er getið um Efri- og Neðri-Nátthaga innan undir Stekkakletti sem er um 5-600m suðaustur af bæ í Hamarsseli.

### **Lýsing**

Engar minjar um stekk fundust á þessum slóðum og þekkti heimildamaður ekki til annarra minja en hleðslu við Stekkahraun (Munnleg heimild: Gautur Svavarsson, 10.12.2020).

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 6) segir: „Innan undir Stekkakletti er Neðri-Nátthagi, en Efri-Nátthagi ofar.“

## **Hamarsel 2366-82**

**Sérheiti:** Neðri-Nátthagi

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

Í örnefnaskrá er getið um Efri- og Neðri-Nátthaga innan undir Stekkakletti sem er um 5-600m suðaustur af bæ í Hamarsseli.

### **Lýsing**

Engar minjar um stekk fundust á þessum slóðum og þekkti heimildamaður ekki til annarra minja en hleðslu við Stekkahraun (Munnleg heimild: Gautur Svavarsson, 10.12.2020).

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 6) segir: „Innan undir Stekkakletti er Neðri-Nátthagi, en Efri-Nátthagi ofar.“

## **Hamarsel 2366-83**

**Sérheiti:** Einarshús

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

## **Staðhættir**

Í örnefnaskrá Hamars 2 (bls. 2) segir: „Heimaland í Skógum. Einarshús, eldgamalt eyðibýli, Skollabotnar, Skógarhlíð, Halldórugil, Halldórubunga, Kjötklettur”.

## **Lýsing**

Heimildamenn höfðu heyrт getið um Einarshús og talið að þau hafi verið í Hamarsskógi. Þar hafa ekki fundist neinar minjar um býli og því óvist hvar býlið mun hafa verið (Munnleg heimild: Þórunnborg Jónsdóttir og Ragnar Eiðsson, 15.12.20).

## **Hamarssel 2366-84**

**Sérheiti:** Helgusel

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

## **Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimildamanni er örnefnið Helgusel til á Seljhalla, sem er austur af bæ á Hamarsseli. Nafninu fylgir sú sögn að þarna hafi búið einsetukona að nafni Helga (Munnleg heimild: Gautur Svavarsson, 11.12.2020). Engar bæjartóftir eru þekktar á þessum slóðum og fundust ekki við skráningu.

## **Aðrar upplýsingar**

Í Sveitum og jörðum (bls. 445) er getið um Helgusel en engar frekari upplýsingar eru um það.

## **Hamarssel 2366-85**

**Sérheiti:** Stöðull

**Hlutverk:** Kvíar?

**Tegund:** Heimild, náttúrulegt

## **Staðhættir**

Samkvæmt heimildamanni er svæðið suðaustan íbúðarhússins á Hamarsseli og suðaustan bæjarlækjar nefnt Stöðull (Munnleg heimild: Gautur Svavarsson, 10.12.2020).

## **Lýsing**

Þarna fundust engar minjar við vettvangsskráningu og heimildamaður segist ekki vita til þess að þarna hafi verið mannvirki (Munnleg heimild: Gautur Svavarsson, 10.12.2020). Örnefnið bendir þó til þess að þarna hafi ær verið mjólkaðar og mögulegt að notast hafi verið við færíkvíar. Minjarnar voru hnítsettar af loftmynd og eftir lýsingu heimildamanns.

## **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 6) segir: „Utan við Bæjarlækinn er Stöðull. Þar voru ær mjólkaðar fyrr meir“.

## **Hamarssel 2366-86**

**Sérheiti:** Stekkur

**Hlutverk:** Stekkur, rétt

**Tegund:** Heimild

## **Staðhættir**

Um 1,6km í beinni línu austur af bænum á Hamarsseli heitir Kváhraun og þar var áður tóft af stekk eða rétt.

## **Lýsing**

Skriða féll í landi Hamarssel í september 2017 og hurfu með henni tóftin og réttin. Samkvæmt heimildamanni stendur toppur Kváhraunsins enn upp úr skriðunni en minjarnar sjást ekki lengur (Munnleg heimild: Gautur Svavarsson, 10.12.2020). Minjarnar voru hnítsettar af loftmynd og eftir lýsingu heimildamanns.


## **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 7) segir: „Utan undir Hnjúkunum (Kváhraun) er Stekkur, gömul tóttarbrot og rétt“.

## Veturhús

Talið er að Veturhús sé upphaflega byggt úr landi Hamars á selstæði jarðarinnar (Sveitir og jarðir, bls. 448). Jörðin var að fornu metin á 3 hundruð (Johnsen, 380). Í manntali 1703 eru fjórir skráðir til heimilis að Veturhúsum (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands). Árið 1847 eru Veturhús í eigu Múlasýslu en er í dag ríkisjörð og hefur verið sameinuð Hamarsseli (Johnsen, 380; Munnleg heimild; Gautur Svavarsson 10.12.2020). Veturhús hafa verið í eyði frá 1946 (Sveitir og jarðir, 449) en þær er nú sumarhús.

Á Túnakorti frá 1920 sést að það hefur verið matjurtagarður í suðaustri og heimreið í suðri, en þær minjar sjást ekki lengur. Aðrar minjar sem sjá má á túnakortinu voru til staðar.



Mynd 22. Veturhús með Túnakort frá 1920.

## Veturhús 2366-20

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða


**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Varða er um 1km suðaustur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmyndir 3 og 4.

### Lýsing

Varðan er enn uppistandandi en aldur er óþekktur. Hún er um 1,8m á hæð og er hlaðin ofan á stóran stein.



Mynd 23. Varða 2366-20. Horft til SV.

## Veturhús 2366-21

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða


**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Varða er um 1,1km suðaustur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmyndir 3 og 4.

### Lýsing

Varðan er enn uppistandandi en aldur er óþekktur. Hún er um 1,8m á hæð og er hlaðin ofan á stóran stein.



Mynd 24. Varða 2366-21. Horft til V.

## Veturhús 2366-22

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Smalakofi

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Smalakofi er um 315m norður af vörðu 2366-21 og 955m austur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmynd 4.



Mynd 25. Smalakofi 2366- 22. Horft til SA.

### Lýsing

Smalakofinn er hlaðinn úr grjóti, um 2 × 1,5m að utanmáli, og um 1m á hæð og liggur norður-suður. Austurhliðin er einn stór steinn og hinir þrír veggirnir eru hlaðnir upp við hann.

## Veturhús 2366-23

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Smalavarða

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Varða er um 8,5m norðvestan við smalakofanum og 950m austur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmynd 4.



Mynd 26. Varða 2366-23. Horft til V.

### Lýsing

Varðan er enn uppistandandi en aldur hennar er óþekktur. Hún er hlaðin úr tveimur smærri steinum sem settir eru ofan á stóran Stein. Varðan er hluti af röð varða sem marka leiðina að smalakofanum (2366-22).

## Veturhús 2366-24

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Smalavarða

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Varða er um 6m suðvestan við smalakofanum og 935m austur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmynd 4.

**Lýsing**

Varðan er greinanleg en aldur hennar er óþekktur. Hún er aðeins úr einum litlum steini sem settur er ofan á stóran stein. Varðan er hluti af röð varða á kletnahrygg sem marka leiðina að smalakofanum (2366-22).

### Veturhús 2366-25

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Smalavarða

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Varða er um 21m suðvestan við smalakofanum og 950m austur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmynd 4.

**Lýsing**

Varðan er greinanleg en aldur hennar er óþekktur. Hún er aðeins úr einum litlum steini sem settur er ofan á stóran stein. Varðan er hluti af röð varða á kletnahrygg sem marka leiðina að smalakofanum (2366-22).

### Veturhús 2366-26

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Kennimark

Tegund: Smalavarða

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Varða er um 40m suðvestan við smalakofanum og 930m austur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmynd 4.

## Lýsing

Varðan er greinanleg en aldur hennar er óþekktur. Hún er aðeins úr einum litlum steini sem settur er ofan á stóran stein. Varðan er hluti af röð varða á klettahygg sem marka leiðina að smalakofanum (2366-22).



*Mynd 27. Smalavörður 2366-24 - 26. Horft til S.*

## Veturhús 2366-27

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Varða er um 330m suðvestur af smalakofanum og 680m suðaustur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmyndir 3 og 4.

### Lýsing

Varðan er enn uppistandandi en aldur hennar er óþekktur. Hún er tiltölulega lítil, um 90cm hæð og gróflega hlaðin.



Mynd 28. Varða 2366-27. Horft til S.

## Veturhús 2366-28

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða


**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Varða er um 395m norðvestur af smalakofanum og 560m austur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmynd 4.

### Lýsing

Varðan er enn uppistandandi en aldur er óþekktur. Hún er um 1,8m á hæð og gróflega hlaðin.



Mynd 29. Varða 2366-28. Horft til S.

## Veturhús 2366-29

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Varða er um 525m vestur af smalakofanum og 440m suðaustur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmynd 4.

### Lýsing

Varðan er enn uppistandandi og vel greinanleg en aldur er óþekktur. Hún er um 1,8m á hæð og gróflega hlaðin.



Mynd 30. Varða 2366-29. Horft til SV.

## Veturhús 2366-30

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna rasks

### Staðhættir

Varða er um 538m vestur af smalakofanum og 440m suðaustur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmynd 4.

### Lýsing

Varðan er greinanleg en hrunin. Hún er á sama klettabrygg og varða (2366-29) og er um 38m sunnan hennar. Hugsanlega hefur varða (2366-29) verið reist eftir að þessi varða féll niður.



Mynd 31. Varða 2366-30. Horft til S.

## Veturhús 2366-31

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna rasks

**Staðhættir**

Varða er um 670m vestur af smalakofinum og um 255m suðaustur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmynd 4.

### Lýsing

Varðan er greinanleg en hrunin.



Mynd 32. Varða 2366-31. Horft til N.

## Veturhús 2366-32

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða


**Hættumat:** Mikil hætta – vegna rasks

**Staðhættir**

Varða er um 320m suðaustur af Veturhúsi. Sjá yfirlitsmynd 4.

### Lýsing

Varðan er enn uppistandandi. Aldur hennar er óþekktur. Hún er tiltölulega lítil, um 90cm há og gróflega hlaðin.



Mynd 33. Varða 2366-32. Horft til NA.

## Veturhús 2366-33

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Varða er um 305m sunnan við Veturhús. Sjá yfirlitsmynd 4.

## Lýsing

Varðan er enn uppistandandi. Aldur hennar er óþekktur. Hún er tiltölulega lítil um 90cm há og gróflega hlaðin.

## Veturhús 2366-34

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Púst


**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Púst er um 325m sunnan við Veturhús. Sjá yfirlitsmynd 4.

## Lýsing

Pústin er um 2 x 3m og liggur norðvestur- suðaustur. Hún er ílöng.



Mynd 34. Pústir 2366-34 og 35.

## Veturhús 2366-35

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Púst


**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Púst er um 325m sunnan við Veturhús. Sjá yfirlitsmynd 4.

## Lýsing

Pústin er um 2 x 3m, sporöskjulaga og liggur austur-vestur.



Mynd 35. Veturhús 2366-37 – 46.

### Veturhús 2366-37

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðalag

**Hættumat:** Engin hætta



Mynd 36. Túngarður 2366-37. Horft til S.

## Staðhættir

Túngarður byrjar suðvestan við gamla Veturhúsbæinn og fylgir gömlum árfarvegi upp að réttinni (2366-40) skammt norðvestur af gamla bænum (2366-42). Garðurinn liggur aðeins vestan- og norðanmegin við túnið.

## Lýsing

Túngarðurinn er hlaðinn úr grjóti og er um 450m langur og um 90cm á hæð. Hleðslan er heilleg að vestanverðu, en þar sem veggurinn liggur áfram norðanmegin og stefnir austur-vestur lækkar hann. Sennilega hefur verið tekið ofan af honum til að setja gaddavír ofan á. Í norðaustri tekur gaddavírsgirðingin beygju upp hæðina og heldur áfram í sömu átt.

## Veturhús 2366-38

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

## Staðhættir

Tóft er um 35m suðvestur af gamla Veturhúsbænum (2366-42).

## Lýsing

Tóftin er úr torfi og grjóti og er grasi gróin. Hún er um 6 x 7,5m að utanmáli, um 1,2m á hæð, og liggur norður-suður. Veggirnir eru um 1,5m á breidd. Inngangurinn er sunnan megin.



Mynd 37. Útihús 2366-38. Horft til N.

## Veturhús 2366-39

**Hlutverk:** Fjárhús og hlaða

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

## Staðhættir

Tóftir er um 14m vestur af gamla Veturhúsbænum (2366-42).



Mynd 38. Fjárhús 2366-39. Horft til N.

## Lýsing

Fjárhúsið er úr torfi og grjóti og er tóftin grasi gróin. Tóftin er 7 x 16m að utanmáli, um 1,2m á hæð og liggur norður-suður. Veggirnir eru um 2,5m á breidd. Hlaðan er norðan við fjárhúsið. Inngangur fjárhúsanna er sunnan megin.



Mynd 39. Hlaða 2366-39. Horft til S.

## Veturhús 2366-40

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Rétt er um 60m norðvestur af gamla Veturhúsbænum (2366-42).

## Lýsing

Réttin er úr grjóti, um 16 x 27m að utanmáli, veggirnir eru um 1,5m á hæð og réttin liggur vestur-austur. Hlaðan er um 1,5m á breidd. Réttin er tvískipt. Á vesturhluta réttarinnar er op fyrir fé að vestanverðu og á austurhlutnum er op að suðaustanverðu. Einnig er op á milli hólfu.



Mynd 40. Rétt 2366-40.

## Veturhús 2366-41

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Tóft er um 85m norðvestur af gamla Veturhúsbænum (2366-42).

## Lýsing

Tóftin er úr torfi og grjóti og er grasi gróin. Hún er um  $4 \times 5,5\text{m}$  að utanmáli, um  $1,2\text{m}$  á hæð og liggur norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru um  $1\text{m}$  á breidd. Inngangurinn er sunnan megin.



## Veturhús 2366-42

**Sérheiti:** Veturhús

**Hlutverk:** Torfbær

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hætta

## Staðhættir

Gamli torfbærinn er á miðju túninu norðan Hamarsáar.

## Lýsing

Gamli torfbærinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og eru tóftirnar grasi grónar. Bærinn samanstendur af nokkrum húsum (a.m.k. 4) sem erfitt er að greina vegna gróðurs. Hann er um  $20 \times 25\text{m}$  að utanmáli og framhliðin snýr til suðurs. Veggirnir eru um  $1,2\text{m}$  á hæð og  $3\text{m}$  á breidd. Inngangur er sunnan megin og annar að austan.



Mynd 42. Torfbær 2366-42 og skemma 2366-43.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 4) segir: „Rétt utan við ásana eru miklar og grösugar grundir. Á þeim ofarlega er bærinn Veturhús, fór hann í eyði vorið 1946“. Torfbærinn á Veturhúsum var ekki rifinn fyrr en á árunum 1989-1990. Baðstofuloft var yfir bænum (Munnleg heimild: Ásdís Þórðardóttir 06.01.21).

## Veturhús 2366-43

**Hlutverk:** Skemma

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Skemma er um 4,5m austur af torfbænum (2366-42).

### Lýsing

Skemman er rétt við gamla torfbæinn að austan. Hún er úr torfi og grjóti og er grasi gróin. Skemman er um 13 x 16m að utanmáli, um 1,8m á hæð og liggur norður-suður. Veggirnir eru um 2,5m á breidd. Inngangurinn er sunnan megin.

### Aðrar upplýsingar

Loft var yfir skemmunni (Munnleg heimild: Ásdís Þórðardóttir 06.01.21).

## Veturhús 2366-44

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Matjurtagarður

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Matjurtagarður er um 3m fyrir sunnan og framan við gamla torfbæinn (2366-42).



Mynd 43. Matjurtagarður 2366-44. Horft til NV.

### Lýsing

Í matjurtagarðinum standa stór tré. Hann er um 14,5 x 9m að stærð og liggur austur-vestur.

## Veturhús 2366-45


**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Tóft er um 35m suðaustan við torfbæinn (2366-42).



Mynd 44. Fjárhús 2366-45.

## Lýsing

Tóftin er úr torfi og grjóti og er grasi gróin. Tóftin er um 8 x 14m að utanmáli, 1,2 á hæð, og liggur norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru um 2m á breidd. Inngangurinn er sunnan megin.

## Veturhús 2366-46

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta


**Staðhættir**

Tóft er um 60m suðaustur af torfbænum (2366-42).

## Lýsing

Tóftin er um 7 x 7m að utanmáli, um 1,2m á hæð og liggur norður-suður. Hún er úr torfi og grjóti og er grasi gróin. Veggirnir eru um 3m á breidd.

Inngangurinn er sunnan megin.



Mynd 45. Útihús 2366-46.

## Veturhús 2366-47

**Hlutverk:** Mókofi

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Mókofi er staðsettur um 340m suðvestur af gamla torfbænum (2366-42) og stendur við klett. Sjá yfirlitsmynd 4.

## Lýsing

Mókofinn er úr torfi og grjóti. Hann er um 11 x 15m að utanmáli. Veggirnir eru um 2m á breidd. Kletturinn myndar vesturhlíð kofans en suður-, austur- og norðurveggir kofans eru hlaðnir.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 4) segir: „Langaskot heitir neðst við ána og Græfur (mótekja)“.



Mynd 46. Mókofi 2366-47.

## Veturhús 2366-48

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Náma


**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Mógrafarsvæði er um 350m sunnan við gamla torfbæinn (2366-42) og um 142m norðan við Hamarsá. Sjá yfirlitsmynd 4.

### Lýsing

Mógrafarsvæðið er um 30 x 32m að stærð.



Mynd 47. Mógrafarsvæði 2366-48 – 51.

## Veturhús 2366-49

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Náma

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Mógrafarsvæði er um 425m sunnan við gamla torfbæinn (2366-42) og um 130m norðan við Hamarsá. Sjá yfirlitsmynd 4.

### Lýsing

Mógrafarsvæðið er um 10 x 21m að stærð.

## Veturhús 2366-50

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Náma

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Mógrafarsvæði er um 428m sunnan við gamla torfbæinn (2366-42) og um 90m norðan við Hamarsá. Sjá yfirlitsmynd 4.

### Lýsing

Mógrafarsvæðið er um 2,5 x 9m að stærð.

## Veturhús 2366-51

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Náma

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Mógrafarsvæði er um 470m sunnan við gamla torfbæinn (2366-42) og um 20m norðan við Hamarsá. Sjá yfirlitsmynd 4.

### Lýsing

Mógrafarsvæðið er um 14,5 x 42m að stærð.

## Veturhús 2366-66

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Náma


**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Mógrafarsvæði er um 510m suðaustan við gamla torfbæinn (2366-42) og um 25m norðaustan við Hamarsá. Sjá yfirlitsmynd 4.

### Lýsing

Mógrafarsvæðið er um 21 x 58m að stærð.



Mynd 48. Mógröfsvæði 2366-66.

## Veturhús 2366-52

**Sérheiti:** Stekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Stekkjartóft er um 1 km suðvestur af gamla Veturhúsbænum (2366-42). Sjá yfirlitsmyndir 4 og 5.



Mynd 49. Stekkur 2366-52.

## Lýsing

Tóftin er úr grjóti, um 5 x 13,5m að utanmáli, um 1,2m á hæð og úr torfi og grjóti. Veggirnir eru um 1m á breidd. Hún liggur norðaustur-suðvestur og er byggð upp við lítinn klett að austanverðu. Norðurhlutinn er rétt og hliðið er að norðan. Suðurhlutinn er kró, nú grasi gróin, og rekið hefur verið inn suðvestan megin.



Mynd 50. Stekkur 2366-52. Horft til S.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 4) segir: „og nær út undir Veturhús og er í daglegu tali kallað Ásar, yzt og neðst af þeim er Stekkurinn“.

## Veturhús 2366-53

**Sérheiti:** Selið


**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Seltóftir eru á litlu grösugu svæði sem liggur milli grýttra svæða. Selið er um 2,3km vestur af Veturhúsi, um 1km austur af Leirhálsfjalli og 266m norður af Hamarsá. Tóftirnar voru ekki skráðar á vettvangi, en sáust og voru staðsettar á loftmynd. Sjá yfirlitsmynd 5.



Mynd 51. Selið 2366-53, kvíar 2366-54, og rétt 2366-55.

## Lýsing

Seltóftin er um 6,5 x 12m að utanmáli, úr torfi og grjóti, og liggur austur-vestur. Veggirnir eru um 2m á breidd. Inngangurinn er norðvestan megin. Tóftin er grasi gróin.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hamars (bls. 3) segir: „Skammt utan við Leirhálsinn er Selið, er það gamalt sel frá Veturhúsum, þar eru gamlar tættur. Fjárrétt var byggt þar fyrir nokkrum árum.“ Í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar (bls. 186) segir: „að Selhússtaðir hafi farið í eyði 1608 vegna landbrots af völdum Hamarsár.“

## Veturhús 2366-54

**Sérheiti:** Selið

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Kvíatóft er um 8,5m austur af seltóftinni (2366-53). Tóftin var ekki skráð á vettvangi, en sást og var staðsett á loftmynd. Sjá yfirlitsmynd 5.

### Lýsing

Tóftin er um 7 x 8m að utanmáli, úr torfi og grjóti og liggar norður-suður. Veggirnir eru um 2m á breidd. Tóftin er grasi gróin. Inngangurinn er sunnan megin.

## Veturhús 2366-55

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Norðurhluti réttar er hlaðinn upp við suðurhluta selsins (2366-53). Hleðslan var ekki skráð á vettvangi, en sást og var staðsett á loftmynd. Sjá yfirlitsmynd 5.

### Lýsing

Réttin er um 6 x 8m að utanmáli, úr grjóti, og liggar norður-suður. Veggirnir eru um 1,5m á breidd. Hlið hefur verið á suðurhlíð. Hleðslan er grasi gróin.

## Veturhús 2366-87

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Sést ekki

**Staðhættir**

Sést ekki

**Lýsing**

Samkvæmt túnakortinu frá 1920 var heimreiðin sunnan við torfbæinn (2366-42) á Veturhúsum.

### **Veturhús 2366-88**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Sést ekki

**Staðhættir:**

**Lýsing**

Samkvæmt túnakortinu frá 1920, matjurtagarðurinn var suðaustan við torfbæinn (2366-42) á Veturhúsum.

## Bragðavellir

Bragðavellir voru hjáleiga frá Melrakkanesi og var jörðin að fornu metin á 4 hundruð (Johnsen, bls. 380). Í manntali 1703 er jörðin nefnd Bragðavallasel og voru fjórir skráðir þar til heimilis (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands). Frá 1952-1972 var tvíbýli og voru bæirnir nefndir Bragðavellir I og II (Sveitir og jarðir, bls. 451).

Fornleifaskráning á Bragðavöllum var gerð af Fornleifastofnun Íslands í maí 2017. Frekari upplýsingar má finna í skýrslunni „Deiliskráning fornleifa á Bragðavöllum í Hamarsfirði. FS658-17061“.

### Bragðavellir 2366-56

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða


**Hættumat:** Engin hætta

#### Staðhættir

Varða er um 750m vestur af íbúðarhúsiniu á Bragðavöllum, efst á klettabrún með útsýni yfir dalinn. Hún er suður af Hamarsá, beint á móti Veturhúsum. Sjá yfirlitsmynd 4.

#### Lýsing

Varðan er vel greinanleg en aldur hennar er óþekktur. Hún er tiltölulega lítil, um 30cm á hæð og gróflega gerð.



Mynd 52. Varða 2366-56. Horft til NA.

### Bragðvellir 2366-57

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna vegagerðar



Mynd 53. Beitarhús 2366-57. Horft til NA.

## Staðhættir

Beitarhúsatóft er um 6km norðvestur af Bragðavöllum, skammt fyrir neðan Bleikshjalla. Það liggur rétt sunnan við núverandi veg og 55m suðvestur af Hamarsá. Sjá yfirlitsmynd 3.

## Lýsing

Tóftin er um 15 x 15m að utanmáli, grjóthlaðin en hleðslan er nú hrunin.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bragðavalla (bls. 6) segir: „Á Bleikshjalla yzst eru beitarhúsatóftir, og voru þau notuð í tíð Magnúsar bónda á Bragðavöllum, langafa Guðmundur Dagssonar“.

## Bragðavellir 2366-58

**Sérheiti:** Fossbrekknarétt

**Hlutverk:** Hleðsla

**Tegund:** Rétt

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna landbrots

## Staðhættir

Rétt er um 4km vestur af

Bragðavöllum beint suðvestur af

Einstígsfossi. Hún er um 30m suður af

Hamarsá beint á móti óþekktri þúst (2366-17) og rétt (2366-18). Sjá yfirlitsmyndir 2 og 3.

## Lýsing

Réttin er grjóthlaðin, um 9 x 11m að utanmáli. Hleðslan er um 1m á hæð og breidd breidd og heilleg.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bragðavalla (bls. 8) segir: „Skammt frá Einstígsfossi er Fossbrekknarétt“.



Mynd 54. Rétt 2366-58.



Mynd 55. Rétt 2366-58. Horft til N.

## **Bragðavellir 2366-59**

**Hlutverk:** Sauðahús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna vegagerðar

**Staðhættir**

Tóft er á litlum grashjalla 140m vestur af Hamarsá, um 4km vestur af Bragðavöllum og 277m suðaustur af rétt (2366-58). Hún liggur norðan við núverandi veg. Sjá yfirlitsmyndir 2 og 3.

### **Lýsing**

Tóftin er illgreinanleg þar sem hún er að miklu leyti grasi gróin. Hún er úr torfi, um 3,5 x 6m að utanmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru um 1m á breidd. Inngangurinn er suðvestan megin.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Bragðavalla (bls. 7) segir: „Á Fossbrekknum stóðu sauðahús til 1850. Voru þau frá Bragðavöllum“.

## **Bragðavellir 2366-60**

**Sérheiti:** Fossbrekkur

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna vegagerðar

**Staðhættir**


Tóft er á litlum grashjalla 150m vestur af Hamarsá, 300m suður af rétt (2366-58), 16m suður af sauðarhúsum (2366-59) og um 4km vestur af Bragðavöllum. Hún liggur rétt sunnan við núverandi veg. Sjá yfirlitsmyndir 2 og 3.

### **Lýsing**

Tóftin er um 9 x 18m að utanmáli, um 1m á hæð og vel greinanleg. Veggirnir eru um 1,5m á breidd. Hún er úr torfi og grjóti og samanstendur af 3 húsum. Stærsta húsið (vestasti hlutinn) var líklega íbúðarhúsnæði. Næst fyrir austan það var líklega hlaða og austasta húsið var sennilega fjárhús. Hún er grasi gróin.

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Bragðavalla (bls. 7-8) segir: „Minnir heimildarmenn, að í fyrndinni hafi þar verið býli, að sögn. Þá eru húsatóftir enn greinilegar, skammt frá Hamarsá, þar sem svokallaður Einstigsfoss er, en hinumegin árinnar nefnist Einstigi, sem fossinn kenndur við. Umhverfis tóftirnar er vallendisblettur, sem er oft heyjaður frá Bragðavöllum“. Í örnefnaskrá Hamarsdals (bls. 6) segir: „Þá er inn fyrir kemur, taka við Fossbrekkur, gamalt eyðibýli [á Fossbrekku] frá 1832. Síðasti ábúandi þar mun hafa heitið Jón Rólantsson“.



Mynd 56. Sauðahús 2366-59, býli 2366-60, og útihús 2366-61.

## Bragðavellir 2366-61

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna vegagerðar

## Staðhættir

Tóft er um 4km vestur af Bragðavöllum, 290m suður af rétt (2366-58), 20m suðvestur af sauðarhúsi (2366-59) og beint norður af býli (2366-60). Tóftin er um 150m vestur af Hamarsá á litlum grashjalla fyrir ofan ána. Hún liggur rétt sunnan við núverandi veg. Sjá yfirlitsmyndir 2 og 3.

## Lýsing

Tóftin er úr torfi, liggur austur-vestur og er um 5 x 4m að utanmáli. Veggirnir eru um 1m á breidd. Það er vel greinanlegt og inngangurinn er austan megin. Tóftin gæti einnig hafa verið skemma. Tóftin er grasi gróin.

## Bragðavellir 2366-62

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna rasks

## Staðhættir

Varða er um 700m austur af Bragðavöllum ofan á litlum kletti með útsýni yfir Hamarsfjörð. Hún er um 100m austan við þjóðveginn og 325m suður af Hamarsá og 400m vestur af Hamarsfirði. Sjá yfirlitsmynd 1.

## Lýsing

Varðan er vel greinanleg en aldur hennar er óþekktur. Hún er tiltölulega lítil um 60cm há.



Mynd 57. Varða 2366-62. Horft til NA.

## Bragðavellir 2366-63

**Hlutverk:** Landamerki?

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Engin hætta



Mynd 58. Varða 2366-63. Horft til S.

## Staðhættir

Varða er um 750m austur af Bragðavöllum og 100m vestur af þjóðveginum. Hún stendur á grýttri hæð með útsýni yfir Hamarsfjörð og Bragðavelli. Sjá yfirlitsmynd 1.

## Lýsing

Varðan er heilleg en aldur hennar er óþekktur. Hún er um 1,8m á hæð. Hugsanlega er um að ræða landamerkjavörðu fyrir Bragðavelli.

### Bragðavellir 2366-64

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna rasks

## Staðhættir

Varða er um 1,2km austur af Bragðavöllum og 90m norður af þjóðveginum. Hún stendur ofan á grýttri hæð með útsýni yfir Hamarsfjörð. Sjá yfirlitsmyndir 1.

## Lýsing

Varðan er enn uppistandandi en aldur hennar er óþekktur. Hún er um 1m á hæð og frekar grófgerð, og efsta hlutann virðist vanta.



Mynd 59. Varða 2366-64. Horft til NA.

### Bragðavellir 2366-65

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta – vegna landbrots



Mynd 60. Beitarhús 2366-65.

## **Staðhættir**

Beitarhúsatóft er um 2,3km suðaustur af Bragðavöllum. Tóftin er staðsett sunnan og neðan við klett, sunnar rennur lækur og Hólvík er beint austur af beitarhúsinu. Beitarhúsið er um 125m norðaustur af þjóðveginum og 30m vestan við Hólvík. Sjá yfirlitsmynd 1.

## **Lýsing**

Tóftin er um 14 x 16m að utanmáli og úr torfi og grjóti. Veggirnir eru um 1,5m á breidd. Inngangurinn er suðvestan megin. Tóftin er grasi gróin.

## **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Bragðavalla (bls. 3) segir: „Fyrir ofan áður nefna Hólvík nefnist Fjárhúsbotn, og niður í þá vík rennur Innstahólslækur. Í botninum eru gamlar tættur af beitarhúsum“.

## **Bragðavellir 2366-89**

**Sérheiti:** Kálfeyrir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

## **Staðhættir**

Í örnefnaskrá Hamarsdal (bls. 5) segir: „Inn af því [(Snædals) Öxlina] taka við Kálfaurafjöll, en þau draga nafn af Kálfeyrri, [gömul býli] niður við Hamarsá.“

## **Aðrar upplýsingar**

Leifar býlisins Kálfeyra eru mögulegar horfnar vegna landbrots og nákvæm staðsetning þess ekki þekkt.

## **Bragðavellir 2366-90**

**Sérheiti:** Karlstóftir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

## **Staðhættir**

Í örnefnaskrá Hamarsdals (bls. 6) segir: „Einnig eru í dalnum nokkru innar nefndar Karlstóftir. Til skamms tíma sá þar móta fyrir tóftarbrotum á dálitlum bala, en nú hefur Hamarsáin brotið hann allan upp og tóftirnar með, svo nú sjást þess engin merki lengur, að þar hafi mannabústaður verið, enda ekki áreiðanlegar sagnir um það [þótt vera kunni fótur fyrir þeim, því skammt fyrir innan tóftirnar eru] Kálfaurar og Kálfaurahellir, gamalt fjárskjól frá Fossbrekkum, þó það sé nokkuð langur beitarhúsvegur. Önnur mannvirki eða eyðibýli eru ekki kunn sunnan Hamarsáar.“.

## **Lýsing**

Leifar býlisins Karlstófta eru horfnar vegna landbrots og nákvæm staðsetning þess ekki þekkt.

## **Bragðavellir 2366-91**

**Sérheiti:** Krosshóll

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og Lýsing**

Heimildir geta Krosshóli en staðsetning býlisins er ekki þekkt í dag og minjar fundust ekki við skráningu.

### **Aðrar upplýsingar**

Í eyðibýliskrá Halldórs Stefánssonar (bls. 187) segir: „að Krosshóll hafi farið í eyði 1744. “

## **Hamarsdalur 2366-92**

**Sérheiti:** Eiðishólshjáleiga

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir og Lýsing**

Heimildir geta Eiðishólshjáleigu en staðsetning býlisins er ekki þekkt í dag og minjar fundust ekki við skráningu.

### **Aðrar upplýsingar**

Í eyðibýliskrá Halldórs Stefánssonar (bls. 186) segir: „Eiðishólshjáleiga fór í eyði 1759. “

## Samantekt

Könnunarsvæðið sem var til skoðunar var 105km<sup>2</sup> að stærð og nær yfir Hamarsdal allan, þ.e. landareignir býlanna Hamars, Hamarsnels, Veturhúsa og Bragðavalla. Alls voru skráðar 90 minjar og þar af voru 59 skráðar á vettvangi. Aðrar minjar voru skráðar af loftmyndum eða þær voru horfnar. Búið var að fornleifaskrá hluta Bragðavalla og Hamarsnels vegna deiliskipulaga og var þeim svæðum því sleppt við þessa skráningu. Vísað er í fyrri skráningarskýrslur Fornleifastofnunar varðandi þau svæði (sjá heimildaskrá).

Minjar inn í Hamarsdal eru dæmigerðar fyrir inndal sem nytjaður var frá næstliggjandi bæjum. Þar er að finna ágætlega varðveittar minjar sem tengdar eru fjárbúskap. Einnig eru heimildir um 10 fornþýli (Eiðishólshjáleiga, Einarsgil, Fossbrekkur, Helgusel, Jónssel, Karlstættur, Kálfeyrí, Krosshóll, Refsstaðir og Selhússtaðir) í dalnum. Staðsetning fæstra þeirra er þekkt í dag og segja heimildir að sum þeirra hafi eyðst af landbroti Hamarsár. Eina býlið sem fannst við skráningu voru Fossbrekkur [2366-60] í landi Bragðavalla en Refsstaðir [2366-14] í landi Hamarsnels hurfu undir skriðu árið 2017.

Norðan ár er innst, sel frá Veturhúsum [2366-53-55] og nær bæjarstæði Veturhúsa er stekkjartóft [2366-52]. Veturhús fóru í eyði 1946 og eru minjar innan túns ágætlega varðveittar. Þar eru tóftir torfbæjar [2366-42], tveggja fjárhúsa [2366-39 og 45], skemmu [2366-43], matjurtagarða [2366-44 og 88], hlaðinnar réttar [2366-40] og þriggja útihúsa [2366-38, 41 og 46]. Túngarður [2366-37] er umhverfis túnið að vestan og norðan. Sunnan túns á Veturhúsum, niður við Hamarsá eru Græfur, þar eru mógrafir [2366-48-51] og mókofi [2366-47]. Norðaustur af mógröfunum eru tvær þústir [2366-34 og 35]. Töluluverður fjöldi varða [2366-20-21, 23-33] er á svæðinu austur af Veturhúsum. Nokkrar þeirra eru aðeins 2-3 steinar og tengjast þær að líkindum smalakofa sem þar er [2366-22].

Hamarssel var upphaflega sel frá Hamri en síðar hjáleiga og er bæjarstæðið að líkindum á gamla selstæðinu. Utan við Einstigsfoss var rétt [2366-18] sem hvarf í flóði í Hamarsá 2018. Norðan hennar er þúst [2366-17] á eyri við eina þverá Hamarsár. Vestan við gamla túnið í Hamarsseli er beitarhúsatóft [2366-16] á svonefndu Stekkatúni og nokkuð sunnan hennar er þúst [2366-15]. Norður af túninu er hlaðin rétt [2366-68] og austan bæjar er örnefnið Stöðull en engar minjar eru þekktar á því svæði. Stór skriða féll utan við bæinn í Hamarsseli árið 2017 og náði næstum niður

undir veg. Beitarhúsatóft og bæjarstæði fornþýlisins Refsstaða [2366-14] hvarf undir skriðuna sem og svonefnndur Stekkur við Kvíahraun, um 1,6 km austur af bæ [2366-86].

Hamar var stærsta jörðin í Hamarsdal og talin landnámsjörð. Austan við merkin milli Hamarsseks og Hamars er Miðgróf en þar eru tóftir úтиhúsa [2366-10], beitarhúsa [2366-11], fjárhúsa sem kölluðust Stebbakofi [2366-12] og umhverfis þau er garðlag [2366-13] en hlutverk þess er óþekkt. Sunnan Miðgrófar, rétt ofan vegar að Hamarsseli er varða [2366-9]. Nokkuð er af minjum umhverfis gamla túnið. Íbúðarhúsið er byggt aðeins 13m austur af leifum gamla bæjarins [2366-2]. Norðan við bæinn er Völvuleiði [2366-71]. Reiðgata [2366-3] var um Reiðsund suðvestur af bæ og þar eru leifar matjurtagarðs [2366-4]. Tóftir hænsnakofa [2366-69] og hesthúss [2366-70] eru norðvestan við bæ og annar hesthúskofi [2366-6] og rétt [2366-5] þar norðan við. Í sundinu vestan hænsnakofans er garðlag [2366-7]. Utan við bæ eru tún og nyrst í þeim heitir Húsabali og þar er fjárhústóft [2366-8]. Þar utan við er þurrkvöllur, svokallað Reiðingshraun [2366-72] og á merkjum Hamars og Háls er Vígðilækur [2366-73].

Hamarsdalur kallast Bragðavalladalur sunnan ár. Varða [2366-56] eru innstu minjar á Bragðavalladal. Utar er beitarhúsatóft á Bleikshjalla [2366-57], og enn utar er Fossbrekknarétt [2366-58]. Sauðahús [2366-59] eru á Fossbrekkum og voru í notkun til 1850. Þar eru einnig tóftir fornþýlisins Fossbrekkna [2366-60] og við þau úтиhúsatóft [2366-61]. Utan við bæ eru vörður [2366-62, 63, 64] og enn utar, við Hólvík er beitarhúsatóft [2366-65].

*Tafla 1. Skráðar minjar.*

<b>Heildarfjöldi minja*</b>	90
<b>Minjar skráðar á vettvangi</b>	59
<b>Horfnar minjar**</b>	22
<b>Minjar – staðsettar***</b>	16

\*Allar minjar sem skráðar voru, bæði á vettvangi og úr heimildum. \*\*Heildarfjöldi minja sem ekki sjást lengur á yfirborði . \*\*\*Minjar sem voru ekki skráðar á vettvangi en hægt var að staðsetja með nokkurri nákvæmni eftir loftmynd eða lýsingu heimildamanna.

Tafla 2. Ástand og fjöldi skráðra minja.

<b>Heillagar minjar</b>	17
<b>Vel greinanlegar minjar</b>	23
<b>Greinanlegar minjar</b>	21
<b>Illgreinanlegar minjar</b>	7
<b>Samtals</b>	68

Tafla 3. Hættumat skráðra minja.

<b>Mikil hætta</b>	12
<b>Hætta</b>	3
<b>Engin hætta</b>	60
<b>Samtals</b>	75

## Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

## Heimildaskrá

Halldór Stefánsson. 1970. *Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum*. Múlaþing V.

*Íslendingabók Landnámubók*. Jakob Benediktsson gaf út. 1986. Íslenzka fornrit. Bind I. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

*Íslenzkt fornþréfaspafn IV, 1265-1449*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Jón Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

Kristborg Þórssdóttir. 2018. *Deiliskráning fornleifa í Hamarsseli, Hamarsfirði*. FS705-18271. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Kristborg Þórssdóttir og Stefán Ólafsson. 2017. *Deiliskráning fornleifa á Bragðavöllum í Hamarsfirði*. FS658-17061. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

*Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*. www.manntal.is. Skoðað í sept. 2020.

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi III*. 1976, 446. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands, [án staðar].

### Túnakort

Túnakort Bragðavalla. 1920. Þjóðskjalasafn, Reykjavík.

Túnakort Hamars. 1920. Þjóðskjalasafn, Reykjavík.

Túnakort Hamarssels. 1920. Þjóðskjalasafn, Reykjavík.

Túnakort Veturhúss. 1920. Þjóðskjalasafn, Reykjavík.

## **Örnefnaskrár**

*Örnefnaskrá Bragðavalla.* Margeir Jónsson skráði 1938 eftir frásögn Guðmundar Dagssonar frá Melrakkanesi. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Örnefnaskrá Bragðavalla.* Athugasemdir og svör við spurningum. Jón Björnsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Örnefnaskrá Hamars.* Bragi Guðlaugsson, Eyjólfur Guðjónsson og Stefán Einarsson skráðu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Örnefnaskrá Hamars.* 2. Hjörleifur Brynjólfsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Örnefnaskrá Hamars.* Athugasemdir og svör við spurningum. Ingimar Steinsson og Guðrún Magnúsdóttir skráðu 1996 og 1998. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Örnefnaskrá Hamarsdal.* Helgi Einarsson og Stefán Einarsson skráðu 1954. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Örnefnaskrá Hamarssels.* Hjörleifur Brynjólfsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

*Örnefnaskrá Veturhúss.* Hjörleifur Brynjólfsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

## **Heimildamenn**

Ingí Ragnarsson

Ragnar Eiðsson

Pórunnborg Jónsdóttir

Gautur Svavarsson

Ásdís Þórðardóttir

## Fornleifar í Hamarsfirði – Hnitaskrá

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
2366-2	Hamar	Híbýli	Tóft	1600?	1950?	Greinanleg	Engin Hætta	714204	468467
2366-3	Hamar	Reiðgata	Gata	800?	2020?	Greinanleg	Hætta	714101	468406
2366-4	Hamar	Matjurtagarður	Hleðsla	1600?	1950?	Greinanleg	Engin Hætta	714105	468401
2366-5	Hamar	Rétt	Hleðsla	1600?	1950?	Heilleg	Engin Hætta	714130	468630
2366-6	Hamar	Útihús	Tóft	1600?	1950?	Greinanleg	Engin Hætta	714120	468603
2366-7	Hamar	Óþekkt/Matjurtagarður	Garðlag	1600?	1950?	Greinanleg	Engin Hætta	714094	468548
2366-8	Hamar	Fjárhús og hlaða	Tóft	1600?	1950?	Vel greinanleg	Engin Hætta	714659	469163
2366-9	Hamar	Óþekkt	Varða	800?	2020?	Heilleg	Engin Hætta	713630	468900
2366-10	Hamar	Útihús	Tóft	1600?	1900?	Greinanleg	Engin Hætta	713552	469807

2366-11	Hamar	Beitarhús	Tóft	1600?	1900?	Greinanleg	Engin Hætta	713587	469761
2366-12	Hamar	Fjárhús	Hús	1800?	2020?	Heillegt	Engin Hætta	713508	469648
2366-13	Hamar	Ópekkt, garðlag	Garðlag	1800?	2020?	Greinanleg	Engin Hætta	713517	469637
2366-14	Hamarsel	Beitarhús	Heimild og loftmynd	1600?	1950?	Horfin	Engin Hætta	713151	469778
2366-15	Hamarsel	Ópekkt/kuml?	Púst	800	1100	Illgreinanleg	Engin Hætta	711317	470612
2366-16	Hamarsel	Beitarhús	Tóft	1600?	1950?	Greinanleg	Hætta	711252	470804
2366-17	Hamarsel	Ópekkt	Púst	800	1950?	Illgreinanleg	Mikil Hætta	710695	470644
2366-18	Hamarsel	Rétt	Heimild og loftmynd	1600?	1950?	Horfin	Engin Hætta	710613	470534
2366-19	Hamarsel	Kennimark	Varða	800	2020	Heilleg	Engin Hætta	710559	470504
2366-20	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Heilleg	Engin Hætta	707936	471934
2366-21	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Heilleg	Engin Hætta	708061	472079

2366-22	Veturhús	Smalakofi	Hleðsla	1600?	1950?	Vel greinanleg	Engin Hætta	708057	472394
2366-23	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Vel greinanleg	Engin Hætta	708049	472398
2366-24	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Greinanleg	Engin Hætta	708051	472389
2366-25	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Greinanleg	Engin Hætta	708050	472372
2366-26	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Greinanleg	Engin Hætta	708045	472351
2366-27	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Heilleg	Engin Hætta	707745	472292
2366-28	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Heilleg	Engin Hætta	707717	472601
2366-29	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Heilleg	Engin Hætta	707527	472423
2366-30	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Greinanleg	Mikil Hætta	707518	472388
2366-31	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Greinanleg	Mikil Hætta	707393	472508
2366-32	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Vel greinanleg	Mikil Hætta	707260	472332


2366-33	Veturhús	Kennimark	Varða	800	2020	Vel greinanleg	Engin Hætta	707180	472322
2366-34	Veturhús	Óþekkt	Púst	800	2020	Illgreinanleg	Engin Hætta	707112	472318
2366-35	Veturhús	Óþekkt	Púst	800	2020	Illgreinanleg	Engin Hætta	707108	472316
2366-37	Veturhús	Túngegarður	Garðlag	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	707095	472523
2366-38	Veturhús	Útihús	Tóft	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	707085	472615
2366-39	Veturhús	Fjárhús og hlaða	Tóft	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	707090	472656
2366-40	Veturhús	Rétt	Hleðsla	1600	1946	Heilleg	Engin Hætta	707059	472696
2366-41	Veturhús	Útihús	Tóft	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	707082	472740
2366-42	Veturhús	Torfbær	Tóft	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	707119	472650
2366-43	Veturhús	Skemma	Tóft	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	707142	472658
2366-44	Veturhús	Matjurtagarður	Matjurtagarður	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	707125	472632

2366-45	Veturhús	Fjárhús	Tóft	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	707167	472619
2366-46	Veturhús	Útihús	Tóft	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	707178	472591
2366-47	Veturhús	Mókofi	Hleðsla	1600	1946	Heilleg	Engin Hætta	706914	472356
2366-48	Veturhús	Mógröf	Náma	1600	1946	Greinanleg	Engin Hætta	707042	472283
2366-49	Veturhús	Mógröf	Náma	1600	1946	Greinanleg	Engin Hætta	707012	472222
2366-50	Veturhús	Mógröf	Náma	1600	1946	Greinanleg	Engin Hætta	707049	472215
2366-51	Veturhús	Mógröf	Náma	1600	1946	Greinanleg	Engin Hætta	707048	472168
2366-52	Veturhús	Stekkur	Tóft	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	706478	471787
2366-53	Veturhús	Sel	Tóft	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	704809	472810
2366-54	Veturhús	Kvíar	Tóft	1600	1946	Vel greinanleg	Engin Hætta	704826	472808
2366-55	Veturhús	Fjárrétt	Hleðsla	1800	1946	Heilleg	Engin Hætta	704811	472802

2366-56	Bragðavellir	Kennimark	Varða	800	2020	Vel Greinanleg	Engin Hætta	707022	471709
2366-57	Bragðavellir	Beitarhús	Tóft	1600	1950?	Greinanleg	Mikil Hætta	708832	471059
2366-58	Bragðavellir	Rétt	Hleðsla	1800	1950?	Heilleg	Mikil Hætta	710692	470453
2366-59	Bragðavellir	Sauðahús	Tóft	1600	1850	Greinanleg	Mikil Hætta	710790	470181
2366-60	Bragðavellir	Býli	Tóft	1600	1832	Vel greinanleg	Mikil Hætta	710780	470152
2366-61	Bragðavellir	Útihús	Tóft	1600	1832	Vel greinanleg	Mikil Hætta	710774	470158
2366-62	Bragðavellir	Kennimark	Varða	800	2020?	Vel greinanleg	Mikil Hætta	714887	467990
2366-63	Bragðavellir	Landamerki?	Varða	800	2020?	Heilleg	Engin Hætta	714938	467788
2366-64	Bragðavellir	Landamerki?	Varða	800	2020?	Vel greinanleg	Mikil Hætta	715421	467817
2366-65	Bragðavellir	Beitarhús	Tóft	1600	1950?	Vel greinanleg	Mikil Hætta	716400	467158
2366-66	Veturhús	Mógröf	Náma	1600	1946	Greinanleg	Engin Hætta	707354	472147

2366-68	Hamarssel	Rétt	Hleðsla	1600	1950?	Heilleg	Hætta	711807	470914
2366-69	Hamar	Hænsakofi	Tóft	1600	1950?	Illgreinanleg	Engin Hætta	714139	468521
2366-70	Hamar	Hesthús	Tóft	1600	1950?	Illgreinanleg	Engin Hætta	714161	468518
2366-71	Hamar	Völvuleiði	Púst	800	1950?	Illgreinanleg	Engin Hætta	714229	468482
2366-72	Hamar	Kennimark/Purrkvöllur	Klettur	800	2020	Heillegur	Engin Hætta	714839	469275
2366-73	Hamar	Kennimark	Lækur	800	2020	Heillegur	Engin Hætta	716378	469606
2366-78	Hamar	Fjárrétt	Heimild	1600	1950?	Horfin	Engin Hætta	713847	468869
2366-85	Hamarssel	Kvíar?	Heimild, náttúrulegt	1600	1950?	Horfin	Engin Hætta	711905	470527
2366-86	Hamarssel	Stekkur,rett	Heimild	1600	1950?	Horfin	Engin Hætta	713426	470635
2366-87	Veturhús	Heimreið	Heimild	1600	1946	Horfin	Engin Hætta	707152	472619
2366-88	Veturhús	Matjurtagarður	Heimild	1600	1946	Horfin	Engin Hætta	707194	472580


Fylgiskjöl




Yfirlitsmynd 1.



Yfirlitsmynd 2



*Yfirlitsmynd 3*



Yfirlitsmynd 4



*Yfirlitsmynd 5*